

Siglingastofnun Íslands
Sigurður Sigurðarson
Vesturvör 2
200 Kópavogur

2002020076
5609; 9310

Reykjavík, 22. mars 2002
/ÞFP

Efni: Sjóvarnir framan við iðnaðarhúsnæði Árbliks og framhald sjóvarna suður fyrir iðnaðarhús við Vallarbraut á Skagaströnd. Ákvörðun um matsskyldu

Vísað er til erindis Siglingastofnunar dags. 25. febrúar 2002 þar sem Skipulagsstofnun eru tilkynntar fyrirhugaðar sjóvarnir framan við iðnaðarhúsnæði Árbliks og framhald sjóvarna suður fyrir iðnaðarhús við Vallarbraut á Skagaströnd samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 10h í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Höfðahrepps og Náttúruverndar ríkisins. Umsagnir bárust frá Höfðahreppi með bréfi dags. 14. mars 2002 og Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 13. mars 2002. Svör framkvæmdaraðila bárust með bréfi dags. 15. mars 2002. Þar var ekki gerð efnisleg athugasemd við umsagnir.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhugaðar sjóvarnir eru á tveimur stöðum og er gert ráð fyrir að vinna þær samhliða og að efni verði tekið úr opinni námu í svokölluðum Hvammskotsbruna. Framkvæmdirnar eru annars vegar framan við iðnaðarhúsnæði Árbliks, vestan hafnar, í flokki B-C. Þarna hefur sjór gengið nokkuð nærri og grafið undan plani. Lengd sjóvarnar verður um 60 m og efnispörf um 900 m³. Hæð á sjóvörn er áætluð +4,5 m. Hins vegar er um að ræða framhald sjóvarnar suður fyrir iðnaðarhús við Vallarbraut, í flokki B-C. Lengd sjóvarnar verður um 50 m og efnispörf um 800 m³. Hæð á sjóvörn er áætluð +4,5 m, sem er um 0,75 m yfir landhæð.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA

Í umsögn sveitarstjóra Höfðahrepps, fyrir hönd hreppsnefndar, er staðfest að framkvæmdin sé samkvæmt ósk sveitarstjórnar, hún samræmist skipulagi sveitarfélagsins og sé ekki þess eðlis að hún skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Náttúruverndar ríkisins er bent á að sjóvarnirnar eru við þéttbýli á Skagaströnd og ekki sé ástæða til að ætla að þær valdi meiri röskun á umræddu svæði en þegar er orðið. Náttúruvernd ríkisins telur því ekki ástæðu til að fyrirhugaðar framkvæmdir verði háðar mati á umhverfisáhrifum.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða sjóvörn framan við iðnaðarhúsnæði Árbliks vestan hafnar og framhald sjóvarnar suður fyrir iðnaðarhús við Vallarbraut á Skagaströnd. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10h í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Fyrirhugaðar framkvæmdir taka til afmarkaðs svæðis og munu ekki hafa verulegt rask í för með sér.

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að framkvæmd við fyrirhugaða sjóvörn framan við iðnaðarhúsnæði Árbliks vestan hafnar og framhald sjóvarnar suður fyrir iðnaðarhús við Vallarbraut, á Skagaströnd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdarleyfi Höfðahrepps skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 22. apríl 2002.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Þóroddur F Þóroddsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Höfðahreppur og Náttúruvernd ríkisins